

29. mars 2021

Heil og sæl,

Á [fundi borgarráðs](#) Reykjavíkurborgar þann 14. janúar sl. var skipaður fimm manna starfshópur um mótun atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar til ársins 2030 en [núgildandi atvinnustefna](#) var samþykkt árið 2012. Í nýrri stefnu var tekin ákvörðun um að líta á atvinnumál og nýsköpun sem eina heild. Mótun nýrrar atvinnu- og nýsköpunarstefnu er eitt helsta innleiðingartæki [Græna plans Reykjavíkurborgar](#) og stefnan ein af meginstefnum plansins.



Starfshópin skipa þær Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Katrín Atladóttir auk Grétu Maríu Grétarsdóttur fulltrúa úr atvinnulífinu og Þórs Sigfússonar fulltrúa nýsköpunar. Fyrsti fundur starfshóps var haldinn 9. febrúar sl.

Nú óskum við eftir því að starfseiningar borgarinnar sendi starfshópnum svör við eftirfarandi spurningum:

- a. Hver á framtíðarsýn atvinnu- og nýsköpunarstefnu Reykjavíkurborgar að vera til ársins 2030?
- b. Hvert á hlutverk og meginmarkmið Reykjavíkurborgar að vera í málefnum atvinnulífs og nýsköpunar til þess að uppfylla þá framtíðarsýn?
- c. Nefndu dæmi um aðgerðir og verkefni sem Reykjavíkurborg getur beitt sér í til þess að uppfylla ofangreinda framtíðarsýn og meginmarkmið?
- d. Hvernig á borgin að mæla árangur í þessum málaflokkum?
- e. Hvernig eflum við nýsköpunarmenningu hjá Reykjavíkurborg?
- f. Annað sem þú vilt koma á framfæri á þessum tímamarki?

Hugmyndir, skoðanir og svör við ofangreindum spurningum óskast sendar í netfangið athafnaborgin@reykjavik.is fyrir 3. maí nk.

Þegar drög að stefnu liggja fyrir verða þau kynnt til rýni bæði innan og utan borgar.

Heimasíða verkefnissins má nálgast á slóðinni: www.reykjavik.is/athafnaborgin2030

Nánari upplýsingar veita starfsmenn Atvinnuþróunarteymis Óli Örn Eiríksson, oli.orn.eiriksson@reykjavik.is og Guðný María Jóhannsdóttir, gudny.maria.johannsdottir@reykjavik.is

Með kærri þökk og kveðju,
Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, formaður borgarráðs & starfshópsins